

Minnisblað

Til:

Frá: Axel Rodriguez Överby

Dags. 20. júlí 2018

Mnr. 2018040002



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - Athugasemdir Anna Ásgeirsdóttir o.fl. bréf dags. 27. júní 2018

Að ósk landeiganda jarðarinnar Sæborgar var gerð óveruleg breyting á Aðalskipulagi Ísafjarðarbæjar 2008-2020, Með breytingunni þá var verið að leiðrétta mistök sem höfðu átt sér stað að geta jarðarinnar Sæborgar í aðalskipulagi. Þrátt fyrir að öll þinglýst gögn hafi legið fyrir. Jörðin Sæborg, var hluti af jörðinni Garðar, allt til ársins 1936, þar til Betúel J. Betúelsson bóndi að Görðum, Sléttuhreppi í Vestur Ísafjarðarsýslu, selur og afsalar til Jóns Magnússonar í Þverdal, þeim hluta sem í dag kallast Sæborg með vísan í skjal 418-F-XIX151-1936. Hinn 11. júní 1938 komu saman að Borg í Aðalvík úttektarmenn Sléttuhrepps þeir Guðmundur J. Guðmundsson bóndi að Hesteyri og Guðmundur H. Finnbjarnarson bóndi að Sæbóli ásamt hreppstjóra Jónasi Dósaþeussyni, að Sléttu, til þess að mæla úr Garðalandi, landspildu er Jón Magnússon að Borg hafði keypt af Betúel Betúelssyni bónda í Görðum. Skiptin voru lögformleg og staðfest af þáverandi landeigendum og hreppstjóra með undirskrift.

Þann 7. desember 1936 gerir Nýbýlastjórn Ríkisins samning við Jón Magnússon um stofnun nýbýlis í landi Sæborgar þar með verður Sæborg að lögbýli með vísan í skjal nr. 418-F000469-1993

Ekki er um að ræða nýtt býli eins og haldið er fram, Sæborg hefur verið lögbýli frá því að samningur er gerður við Nýbýlastjórn Ríkisins des. 1936, um er að ræða leiðréttingu á aðalskipulagi að ósk landeigenda. Sæborgar þar sem jörðin fékk lögbýlisrétt árið 1936.

Ákvæði aðalskipulagsins eru að endurbyggja má öll hús sem stóðu frá 1908 til 1965 jafnframt er svigrúm fyrir þremur nýjum húsum. Á Fristundahúsasvæði F41, sem eru jarðirnar Sæból, Sæborg og Garðar. Byggingaréttur er ekki bundinn við Sæborg eingöngu eins getið er í athugasemd..

Það hefur engu landi verið þinglýst úr landi Sæbóls, það var hinsvegar mælt út land úr landi Görðum árið 1938 Hinn 11. júní 1938 komu saman að Borg í Aðalvík úttektarmenn Sléttuhrepps þeir Guðmundur J. Guðmundsson bóndi að Hesteyri og Guðmundur H. Finnbjarnarson bóndi að Sæbóli ásamt hreppstjóra Jónasi Dósaþeussyni, að Sléttu, til þess að mæla úr Garðalandi, landspildu er Jón Magnússon að Borg hafði keypt af Betúel Betúelssyni bónda í Görðum. Skiptin voru lögformleg og staðfest af þáverandi landeigendum og hreppstjóra með undirskrift.

1. Jörðinni Sæborg var skipt úr land Garða 1938 það hafa ekki verið gerð frekari skipti nema að stofnaðar voru lóðir þ.e. undir tvö hús sem stóðu og ein ný lóð.
2. Skilyrðum 2. Gr. Landamerkjagala nr. 41/1919 var uppfyllt árið 1938, mæliblað sem vísað er til þ.e. lóðablað vegna stofnunar lóðar nr. 3 er ekki á meðal þinglýstra pappíra fyrir jörðina Sæborg lnr. 206817, hinsvegar á meðal þinglýstra pappíra er uppdráttur í kvarðanum 1:200 frá 9. Júlí 1976, þinglýstur árið 1993, og undirritaður af þáverandi landeigendum sem eru Jón Magnússon, Ólafur Guðmundsson og Hreinn Þ. Jónsson með vísan í skjal nr. 418-F000469-1993. Í lóðarblaði dags.

17.02.2015 sem er unnið af löggildum fagaðila þ.e. Teiknistofan Eik, og er vísað til þess að mæliblað að útmörk jarðarinnar sé unnið eftir þinglýstum gögnum frá 1976 og afsali frá 1936.

3.

Í bókun skipulags- og mannvirkjanefndar frá fundi nr. 453 þann 30.03.2016 er lagt til við bæjarstjórn að heimila stofnun lóða en ekki verið að staðfesta landamerki, eðlilegt er að sýna landamerki á uppdrætti og þar með sýnd afstaða lóða m.t.t. landamerkja. Lóðarblað sem unnið var af Teiknistofunni Eik, hefur verið þinglýst á lóð nr. 3 með eftirfarandi lnr. 224206 sem hluti af lóðaleigusamning, en er ekki á meðal grunnagagna fyrir jörðina Sæborg. Umræddur uppdráttur vísar til þinglýsts uppdráts frá 1976 með eftirfarandi þinglýsingarnúmer. 418-F000469-1993.

Sæból lnr. 186688 og Garðar lnr. 136276 enn sitthvor jörðin opinber gögn og skráningar benda ekki til annars, Sæborg er stofnuð úr landi Garða árið 1938. Því er óljóst hvað átt er við með eftirfarandi athugasemd „*Það vakti athygli okkar þegar við urðum þess áskynja að búið væri að mæla út 8.7 hektara jarðarpart og þinglýsa, sem tilheyrir Sæborg, án þess að við sem eigendur aðliggjandi jarðar að austan- og sunnan við Sæborgarlandið ættum þess kost að vera viðstödd*“

Önnur landaskipti hafa ekki farið fram á umræddu svæði. Að því undanskildu að stofnaðar hafa verið þrjár lóðir innan jarðarinnar Sæborg.

Athugasemdir eiga ekki rétt á sér.